

Reglugjörð

52
14. júní

um notkun og meðferð rafmagns í Húsavíkurkaupstað.

1. gr.

Rafmagnsstöð Húsavíkurkaupþúns selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar stöðvarinnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir til, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

2. gr.

Meðan rafmagnið er eingöngu notað til lýsingar, verður rafmagnsstöðinni lokað frá 12. maí til 15. ágúst ár hvert, svo og á hverjum degi meðan dagsbirta er nægileg og ljósa þarf alment ekki við. Breytingar á þessu ákveður hreppsnefndin fyrir ákveðinn tíma í senn eftir því sem við á, og eftir því til hvers rafmagnið frekar verður notað, og verða þær breytingar auglýstar notendum með hæfilegum fyrirvara og á venjulegan hátt.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má því að eins stöðva þær eða taka af strauminn, að brýna nauðsyn beri til, sökum aðgerða eða annara tálmana, er ekki verði hjá komist, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina, svo fljótt sem unt er.

Breytingar og aðgerðir, svo og viðtengingar á nýjum línum, skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, fara fram á þeim tíma, sem stöðin er lokað. Komi það fyrir, að stöðin sje lokað sökum aðgerða, eða af öðrum ástæðum, sem ekki verður hjá komist, lengur en tvo sólarhringa í senn, á þeim tíma, sem hún á að vera opin, skal draga frá hjá þeim, sem ekki hafa mæli $\frac{1}{300}$ hluta af árgjaldinu fyrir hvern sólarhring, sem fram yfir er. Að öðru leyti ber stöðin enga ábyrgð gagnvart straumnotendum á lokun, sem stafar af ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum atvikum, heldur verður skemdin bætt svo fljótt sem unt er.

3. gr.

Hver, sem óskar að fá lagt inn til sín rafmagn eða breytt eldri innlagningu, skal senda formanni rafmagnsnefndar skriflega beiðni um það með nákvæmum upplýsingu mum það, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hve mikið til ljósa, suðu, vjela eða annars, hvort hann hugsar sjer seinna að bæta meiru við, og öðrum upplýsingum, nauðsynlegum fyrir innlagninguna. Ákveður rafmagnsnefnd því næst í samráði við stöðvarstjóra hvort innlagningin skuli leyfð eða ekki og hve mikið gjald skuli greitt. Formaður rafmagnsnefndar tilkynnir umsækjanda úrskurð nefndarinnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans ekki seinna en tveimur vikum eftir að rafmagnsnefnd fjekk umsóknina.

Aður en byrjað er á innlagningunni skal hlutaðeigandi umsækjandi, með undirskrift sinni á einu eintaki þessarar reglugerðar, skuldbinda sig til þess að uppfylla allar þær kröfur, sem reglugjörðin gerir til hans.

Pöntun á rafmagnni sje bindandi að minsta kosti fyrir eitt ár. Hafi þá ekki verið sagt upp með mánaðarfyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta ár o. s. frv.

4. gr.

Húsálmur leggur rafmagnsstöðin á sinn kostnað frá aðalálmunum að húsinu alt að 40 metra. Standi hús lengra en 40 metra frá næstu aðalálmu, fer um kostnað við húsálmuna

52 eftir samkomulagi við rafmagnsnefnd, en stöðin lætur að sjálfsgöðu vinna verkið, og kostar 14. júní uppsetningu á öryggjum, takmörkurum og mælum. Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagning húsalmu; sem er styttri en 40 metra, getur stöðin krafist endurgreiðslu á þeim kostnaði, en ef svo stendur á, skal gera húseiganda aðvart fyrirfram.

Aðaltaugakerfi stöðvarinnar má ekki stækka nema með samþykki hreppsnefndar.

5. gr.

Innanhússtaugar, lampa og önnur áhöld, vjelar o. s. frv. skal setja upp á kostnað hlutaðeigandi umsækjanda af löggiltum innlagningarmauni. Enginn, nema sá eða þeir, sem hreppsnefndin, eftir tillögum rafmagnsnefndar löggildir til þess, má leggja inn taugar, setja upp lampa eða önnur rafmagnsáhöld eða vjelar, er setja á í samband við rafveituna, nje heldur breyta eldri innlagningu eða fást við svipuð störf, er að rafveitunni lúta, hvort heldur utan húss eða innan.

6. gr.

Nú hafa verið lagðar inn taugar eða áhöld sett í hús eða breyting verið gerð á eldri innlagningu, og má þá ekki taka innlagninguna til afnota fyrir en formaður eða fulltrúi rafmagnsnefndar hefir skoðað og prófað innlagninguna og vottað, að hún sje fullnægjandi, og þetta tilkynnt stöðvarstjóra. Áltíð innlagningin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi innlagningarmaður laga hana þannig að hún sje fullnægjandi.

7. gr.

Enginn má án leyfis rafmagnsnefndar taka rafmagn úr taugakerfi kaupsins, nje ótilkvaddur brjóta innsigli stöðvarinnar, og ekki heldur aðhafast neitt það, er valdið geti skemdu á rafmagnstaugum eða öðrum rafmagnstækjum, sem notuð eru í sambandi við taugararnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við, samkvæmt hegningarlögunum.

8. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur að sjá um, svo sem honum er unt, að innlagning hans sje ætíð í góðu lagi. Komi ólag á rafmagnstaugar eða rafmagnstæki í húsi, þannig að skemdu geti valdið á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunar, t. d. að öryggi hrökkvi í sundur eða að bilun sjáist á einangrun á leiðsluþráðum, og ef mælar eða takmarkarar skemmast, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það formanni eða fulltrúa rafmagnsnefndar.

Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin, o. s. frv. Sje rafmagn notað til suðu eða hitunar, ber þess að gæta, að suðu eða hitunaráhöldin standi ekki svo nálægt þilveggjum, að brunahætta geti stafað af.

Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innan húss, en rafmagnsstöðin utan.

9. gr.

Hreppsnefndin áskilur sjer einkasölu á rafmagnslömpum og öðrum rafmagnstækjum, er setja á í samband við rafveituna.

10. gr.

Rafmagnsnefndinni er heimilt að hanna að nota gamla lampa og önnur áhöld, sjeu

þau eftir álitu hennar orðin ótrygg eða til tálmunar góðum rökstri. Sjerstaklega skulu vjelar **52** vera þannig gerðar, að þær byrji ekki ganginn eða stöðvi hann snögglega, heldur jafnt, svo 14. júní það hafi sem minst áhrif á ljósin.

11. gr.

Rafmagnsnefnd og umboðsmenn hennar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang alstæðar þar sem taugar og áhöld standa í sambandi við aðaltaugarnar, til þess að rannsaka hvort alt sje í góðu lagi.

12. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð, og skal þá stöðinni heimilt að slíta sambandi við hann, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

13. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er hreppsnefninni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker hreppsnefndin úr. Úrskurði þessum má áfrýja til lögreglustjóra.

14. gr.

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar skipa þrjú menn, sem hreppsnefndin kýs. Skulu þeir kosnir til þriggja ára.

Gengur einn nefndarmaður síðan úr nefndinni árlega, tvö fyrstu skiftin eftir hlutkesti, og er kosið í þeirra stað. Hreppsnefnin tilnefnir formann rafmagnsnefndar, og hefir hann á hendi aðalframkvæmdir á ályktunum nefndarinnar. Rafmagnsnefndin gefur fyrir hver árslok hreppsnefndinni skýrslu um störf stöðvarinnar um leið og ársreikningurinn er lagður fram. Stöðvarstjóri skal jafnan kvaddur á fundi rafmagnsnefndar og hefir þar tillögurjett og málfrelsi, en ekki atkvæðisrjett.

Hreppsnefndin hefir yfirstjórn stöðvarinnar á hendi.

15. gr.

Hreppsnefnd ræður gæslumenn rafmagnsstöðvarinnar í samráði við rafmagnsnefnd.

16. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

17. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum, sem renna í sveitar-sjóð Húsavíkurhrepps. og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

52 Reglugjörð þessi sem 14. júní f. á. var sett samkvæmt lögum nr. 51, 3. nóvember 14. júní 1915, um rafmagnsveitur er hjermeð birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 14. júní 1920.

Í fjarveru ráðherrans.

Öddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

53
14. júní

Gjaldskrá

fyrir notkun rafmagns í Húsavíkurkaupúni.

1. gr.

Verð á rafmagnsstraumi til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, skrifstofum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekinn í gjaldskránni, er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir 50 watt	kr.:	25,00
— 75 — —		37,00
— 100 — —		49,00
— 150 — —		72,00
— 200 — —		93,00
— 250 — —		112,00
— 300 — —		129,00

og svo 17 kr. fyrir hver 50 watt úr því.

Til suðu og hitunar svo og til vjela í verksmiðjum eða annarstaðar ákveður hreppsnefndi nverðið fyrir hverja kilowattstund eftir atvikum, þó ekki hærra en 20 auro. Til lýsingar á bryggjum og til annara utanhúsljósa einstakra manna og fjelaga; í sjóbúðum án fastrar íbúðar, í geymsluhúsum, sem enginn íbúð er í, fer um gjaldið eftir samningi við hreppsnefnd.

Gjaldið fyrir straum um takmarkara er hreppsnefndinni þó heimilt að hækka eða lækka um alt að 20 % frá því sem það er sett hjer að framan, og fyrir götuljós og ljós til húseigna hreppsins, ákveður hreppsnaefndin sjálf gjaldið.

2. gr.

Leiga eftir straumtakmarkara er á ári kr. 2,00, þar sem ekki er notaður meiri straumur en 50 watt í húsi, ella kr. 4,00. Leiga eftir mæli er kr. 10,00 árlega.

3. gr.

Reikningsár rafstöðvarinnar er fardagaár eða frá 1. júní til 31. maí.

Gjaldið greiðist tvisvar á ári; annar helmingur gjaldsins fyrir 31. des., en hinn fyrir 30. apríl. Þar sem straumtakmarkari er notaður, er $\frac{1}{2}$ hluti greiddur í hvert skipti.